



Losunartölur 2019

Efnisyfirlit

Um skýrsluna	3
Eldsneytisbirgðastöðin á Keflavíkurflugvelli	3

Um skýrsluna

Skýrslan er gerð eftir bestu samvisku og upplýsingum sem fyrir liggja.

Eldsneytisbirgðastöðin á Keflavíkurflugvelli

Starfsemi Eldsneytisbirgðastöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli (EBK) felst í geymslu flugvélaeldsneytis JET A-1 á Keflavíkurflugvelli.

Neðanjarðarleiðslukerfi í eigu ISAVIA er til staðar á stæðum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) og þar eru niðurföll sem liggja að olíuskiljum ef eldsneyti fer niður. EBK sér um viðhald á kerfinu fyrir ISAVIA, en rekur það ekki.

JET A-1 potueldsneyti

CAS-nr.: 8008-20-6

EB-nr.: 232-366-4

Efnaheiti: Steinolía (úr jarðolíu)

Styrkur %: 60 - 100

Hættuflokkun: Xn H65

Ástand / útlit / lykt: Vökvi / litlaus / einkennandi

Sýrustig (pH): -

Bræðslumark: -50°C

Suðumark: 150 – 300°C

Blossamark: 38°C

Íkveikimörk: > 220°C

Sprengimörk; neðri - efri: 0,6 - 8

Eldnærandi eiginleikar: -

Gufuþrýstingur: < 0,1 kPa við 40°C

Gufuþéttni: > 5

Seigja: 1 - 2 mm²/s við 20°C

Eðlisþyngd: 775 - 840 kg/m³ við 15°C

Leysni: Leysist lítt eða ekki í vatni

Hættur gagnvart umhverfinu

Hegðun í umhverfinu: Efnið flýtur á vatni og getur dreifst um stórt svæði með því. Ef

mikið magn efnisins berst í jarðveg getur það spillt grunnvatni.

Efnið brotnar niður að hluta en hluti getur safnast upp í umhverfinu. Efnið gufar

hratt upp og dreifist í andrúmsloftinu.

Líffræðileg áhrif: LC50 (fiskur, *Oncorhynchus mykiss* WAF): 18-25 mg/l/96 klst.

EC50 (*Daphnia magna* WAF): 1,4-21 mg/l/48 klst.

IC50 (*Raphidocelis subcapitata* WAF): 3,7-8,3 mg/l/72 klst.

Eitrað vatnalífverum ($1 < LC/EC50 \leq 10$ mg/l) og getur haft

skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni og mengað lífverur.

Innra eftirlit

Innra eftirlit felst í að haldið er utan um sorplosun, spilliefnakaup og losun mengaðs úrgangs og niðurstöður færðar í rekstrarhandbók. Fylgst er með olíustöðu í niðurfallsbrunnum, olíuskilju og olíutönkum og haldin skrá um það. Tæming tankanna er skráð. Einnig er skráð hvenær efni sem valdið geta mengun eru keypt, hvenær úrgangur er losaður og hvert hann fer.

Fyrirbyggjandi viðhald

Eftirlit með tækjum er mikið og eru allar reglubundnar skoðanir skráðar. Notast er við rekstrarhandbækur Shell og Joint Inspection Group þar sem tekið er á öllum þeim þáttum sem hafa með rekstraröryggi að gera. Tíðni skoðana er frá daglegum skoðunum upp í skoðanir sem framkvæmdar eru á þriggja, fimm og tíu ára fresti.

Eftirlitsmenn koma reglulega til að ganga úr skugga um að farið sé eftir rekstrarhandbók og gera athugasemdir við það sem betur má fara. Um er að ræða erlenda eftirlitsmenn frá olíufélögum sem hafa hagsmuna að gæta í EBK. Einnig koma eftirlitsmenn frá flugfélögum og innlendir fulltrúar olíufélaganna.

Meðhöndlun og förgun úrgangs

Hreinsitækni ehf. sér um að fjarlægja undantappað eldsneyti.

JET A-1 sem til fellur vegna aftöppunar og prófana og geymt er á þar til gerðum tanki, var fjarlægt mánaðarlega af Skeljungu hf. Öllum úrgangi, öðrum en undantöppuðu eldsneyti, er ekið til Kólku (Sorpeyðingarstöð Suðurnesja).

Á árinu 2019 var losun úrgangs sem hér segir:

Losun úrgangs - Kalka	
Spilliefni	Magn Kg.
Olíusíur	280
Olíutuskur og spilliefni	950
Hreint timbur	40
Blandað timbur	180
Járn og málmar	320
Brennanlegur úrgangur	240

Tafla 1. Losun úrgangs

Olíumengaður úrgangur er að mestu síuelement sem skipt er um reglulega. Elementunum er ekið til Köllu strax og búið er að skipta um þau. Aukningu á notkun síuelementa má rekja til umhverfispáttá svo sem vætutiðar og upprunastað eldsneytis, en elementin fanga raka í sér til þess að halda eldsneytinu þurru. Undantappað eldsneyti er tekið af Skeljungi og flutt í burtu þar sem það er notað í aðrar afurðir.

Starfsmenn skila flöskum til endurvinnslu, en umbúðir, fyrir utan bylgjupappa voru ekki flokkaðar sérstaklega á árinu.

Félagið er með „Zero Leak Policy“ sem þýðir að leki á búnaði eða niðurbelling eldsneytis telst ekki ásættanleg, því er fyrirbyggjandi viðhald í hávegum haft og hluti af daglegum störfum starfsmanna að taka eftirlit á tækjum og búnaði.